
FUNDARGERÐ

Fundur: Eldsneytishópur 2011-01
Fundartími: Mánudagur 20. júní 2011 kl. 13:00
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni: 1) Gögn ársins 2010.
2) Önnur mál

Fundinn sátu:

Eldsneytishópur: Ágústa S. Loftsdóttir, Orkustofnun
Magnús Ásgeirsson, N1
Birna Hallsdóttir, Umhverfisstofnun
Efla: Jón Vilhjálmsson

- 1) JV sýndi töflu um eldsneytisnotkun árin 2009 og 2010. Sala á bensíni hefur heldur minnkað en JV benti á að búast hefði mátt við meiri samdrætti í ljósi þess hve landsframleiðsla hefur dregist saman. MÁ benti á að ferðlög erlendis hafi minnkað og í staðin hefði fólk ferðast meira hér innanlands.

Tala fyrir Steinolíu er einkennileg árið 2009 en notkunin hefur farið vaxandi og benti MÁ á að sumir væru að setja steinolíu á dieselbíla sem færi illa með þá.

Potuelsneyti innanlands er einkennilegt árið 2009 og væntanlega er einhver erlend notkun með í þeim tölum.

Gasolía á bifreiðar hefur minnkað verulega og hluti af því er væntanlega vegna tækja og flutningabíla. Notkun frá bíl hefur helmingast. Nokkuð var rætt um notkun erlendra fiskiskipa og eru þær tölur ekki nógu traustvekjandi. Spurning er einnig hvort skemmtiferðaskip lendi þarna þó svo að þau ættu að vera undi millilandanotkun.

Varðandi brennsluolíu er sama vandamálið með erlendu skipin. Nokkur umræða var um skipin og ætlar MÁ að skoða það.

Gasnotkun hefur minnkað skv. þessum tölum og ætlar ÁSL að athuga hvort eitthvað vanti inn í tölurnar.

Tölur um kolanotkun 2010 voru ekki komnar inn í grunninn en ÁSL sagðist vera búin að fá þær.

Notkun úrgangsolúu hefur minnkað mikið.

Miklar sveiflur eru í millilandanotkun flugvéla og benti MÁ að litlar einkaþotur væru nánast horfnar. Mikil aukning er á þessu ári.

- 2) ÁSL sagðist langa til að fara í endurreikning á spánni og ætlar hún að kanna hvort peningar séu til í það verk. MÁ sagði mikilvægt að láta eldsneytisspána ekki falla niður þar sem mikið sé spurt um hana.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ekki ákveðinn. Fundi slitið kl. 14:10.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

Dreift var fyrir fundinn:

Sýnt var en ekki dreift:

- Tölur um eldsneytisnotkun 1991-2010

Verkefni frá þessum fundi:

Umsjón	Verkefni
Ágústa	Setja inn í gagnagrunn það sem á vantar í gögnunum
Magnús	Athuga notkun erlendra skipa.
Ágústa	Athuga hvort hægt sé að endurreikna spána á þessu ári.